

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs í Steingrímsfirði.

Samkvæmt 6. lið 14. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net á Steingrímsfirði á tímabilinu 15. maí til 15. september ár hvert á svæði, sem nær yfir friðunarsvæði Víðidalsár, er stækki þannig, að það nái frá friðunarsvæði Hrófár að austan að norðurenda Sandskers við Hólmavík að vestan.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.